



Alþingi
Erindi nr. Þ 143/140
komudagur 5.11.2013

Reykjavík 5. nóvember 2013

Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

73. mál.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dagsettum 21. október 2013, þar sem óskað var umsagnar Íslandsstofu um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína, 73. mál.

Íslandsstofa hefur ekki athugasemdir við þingsályktunina um fullgildingu fríverslunarsamningsins en vill nota þetta tækifæri og benda á þau sóknarfæri sem fríverslun við Kína getur skapað fyrir Ísland.

Ísland er eitt af örfáum ríkjum sem hefði slíkan samning og nyti tollfrjáls aðgangs inn á Kínamarkað fyrir vörur upprunnar hér á landi. Í mörgum tilfellum er um að ræða niðurfellingu tolla upp á allt að 20% fyrir mikilvægar iðnaðarvörur. Auk sóknarfæra fyrir íslensk útflutningsfyrirtæki, batnar samkeppnisstaða Íslands varðandi beinar erlendar fjárfestingar. Kínversk, bandarísk, kanadísk og evrópsk fyrirtæki gætu séð sér aukinn hag í að velja Ísland sem staðsetningu.

Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu